

Viðmiðunaráætlun fyrir skólaárið 2021 - 2022

10.bekkur

Tíma fjöldi á viku: 2 ½

Kennari: Alda Björk Sigurðardóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Heimilisfræði er kennd í 8-9 vikna lotum og eru 4 lotur yfir veturinn. Heimilisfræði er hluti af list- og verkgreinum sem er í kjarna hjá 10. bekk. Árgangnum er skipt í 4 hópa og fara þau einnig í Sjónlister, Textíl og Hönnun og smíði. Kennsla er að mestu hluta verkleg en fræðsla er í upphafi kennslu sem tengist viðfangsefni hverju sinni. Nemendur vinna 2-3 saman og velja þau yfirleitt vinnufélaga.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar:

<i>Grunnþáttur</i>	<i>Áherslur þættir grunnþátta menntunar</i>
Heilbrigði og velferð:	Fræðsla og umræður um næringarfræði og hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.
Jafnrétti:	Sömu verkefni eru fyrir stráka og stelpur og sömu kröfur gerðar til þeirra.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendur skipta með sér verkum þannig að báðir aðilar séu sáttir.
Læsi:	Að geta lesið uppskrift og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikið af hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni.
Sjálfbærni:	Fara vel með matvæli og ræða um fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun:	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig matur er borinn fram.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins er mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, gerdeig og hnoðað deig. Léttir réttir þar sem smáréttir, súpur og ýmislegt er matbúið. Nemendur vinna eftir uppskriftum og temji sér sjálfstæði og skipulag.	Uppskriftir frá Námsgagnastofnun og kennara.	Nemendur geti unnið eftir uppskrift og farið eftir ólíkum aðferðum við bakstur/matargerð. Þjálfist í að nota eldhúsahöld og rafmagnstæki. Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, þrautseigju ábyrgð, samskipti og samstarf.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnpáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Skráningar eru reglulega yfir önnina á lykilhæfnipáttum, bæði í bóklegri og verklegri vinnu. Símat gildir 100% af einkunn. Mest er horft til lykilhæfnipátta við námsmat og hvort nemendur sýni framfarir og áhuga á að gera sitt besta.